

Framboð til miðstjórnar - Kristinn Hugason, Garðabæ.

Ég býð mig hér með fram til setu í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins og hef verið virkur í flokksstarfinu um áratugaskeið, sótt landsfundi óslitið og fylgt Sjálfstæðisflokknum að málum allt frá ungum aldri. Hef verið virkur í starfinu hér í kjördæminu og forvera þess, fyrst í Kópavogi og í Garðabæ, allt frá því að ég flutti í bæinn 1996; setið í stjórn Sjálfstæðisfélags Garðabæjar, formaður þess um skeið, sit í fulltrúaráðinu í bænum, í kjördæmisráðinu og um langt árabil verið ýmist aðal- eða varamaður í flokksráði f.h. Garðabæjar eða sem stjórnarmaður í málefnanefndum. Á síðasta aðalfundi kjördæmisráðsins var ég kjörinn varamaður í miðstjórn og verið boðaður á flesta miðstjórnarfundum síðan.

Þegar ég gerðist styrktarmaður árið 1995 fékk ég í hendur skírteini með svohljóðandi áletrun um sjálfstæðisstefnuna: „Sjálfstæðisflokkurinn er flokkur þeirra sem vilja að á Íslandi sé frjálst þjóðfélag hagsældar og menningar. Sjálfstæðisstefnan byggir á trú á getu, áræði, ábyrgð og reisn einstaklinganna. Sjálfstæðismenn eru umburðarlyndir gagnvart mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum. Þeir leggja áherslu á sameiginlega hagsmuni ólíkra þjóðfélagshópa og hafna þeirri skoðun að ríkisvaldið geti leyst öll vandamál. Kjölfesta sjálfstæðisstefnunnar er trúin á manninn.“

Fyrir þessum málstað vil ég standa með auknum störfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn.